

Fundargerð 25/8 en fundað var í sal í Breiðabliks

Mættir eru Arnór, Björk, Hanna, Eysteinn, Hólmfríður, Jón í gegnum fjarfundarbúnað, Olga og Sigmundur. Guðmundur boðar forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Samstarfssamningur SÍK og Kópavogsbæjar 2018 – Endurskoðun 2020
3. Tímaúthlutun í húsum bæjarsins
4. Frístundarvagninn
5. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar send á okkur á meðan á fundi stóð.
2. Samstarfssamningur

Jón biður um orðið og nefnir að SÍK fann áhuga frá Kópavogi ítarlegra samstarf og telur að við horfum jákvætt um áhuga bæjarstjórnar Kópavogs um að fá áheyrnarfulltrúa. Við eigum möguleika á að leggja til breytingar á samningnum ef við viljum.

Spurningar um það hvort að við höfum möguleika á að vera með fulltrúa inn í ÍTK.

Við samþykkjum samhljóða tillögu bæjarins um endurskoðun á samstarfssamningi milli SÍK og Kópavogsbæjar.

3. Tímaúthlutun

Farið er yfir tímaúthlutun á tímum íþróttamannvirkja en félög bæjarins eru með aðgang að sínum húsnæðum.

Við fáum gögn frá bænum seint um ráðstöfun og notkun tíma í húsnæðum bæjarins. Framkvæmdarstjórar Breiðabliks og HK eru að sækja um tíma í húsnæðum sem Kópavogsbær sér um.

Beiðni frá HK um að fá frekari tíma í knatthúsum bæjarins.

Það er komið samkomulag um tíma bæjarins í Fagralundi en þarna er HK og Breiðablik leggja til samkomulag um notkun þeirra tíma.

Tillaga að Eysteinn og Hanna skoði hvernig við getum ráðstafað tímum bæjarins betur í Kórnum.

Eysteinn fer yfir hvernig samtal Breiðabliks og HK um hvernig þau geta komist að samkomulagi á notkun í Fagralundi.

Þetta samkomulag skoðað og jákvæðar athugasemdir og hugmyndir komnar um hvernig ætti nota.

Farið yfir af hverju við séum ekki að fá upplýsingar fyrir nýtinguna á húsunum.

Tillaga verður sent á fimmtudaginn til Kópavogsbæjar.

Við samþykkjum fyrrgreind atriði en þar erum við aðalega að skoða mál sem er ágreiningur um en það eru ofan greind atriði.

4. Frístundavagninn

Olga fer yfir verðkönnun fyrir frístundavagninn, Hópbílar bjóða sama og áður. Nokkur tilboð komu inn til okkar en þau voru ekki lægri en tilboð Hópbíla en samstarfið gekk mjög vel.

Nú þarf að fara yfir hvort ekki sé hægt að samþykkja, þátttaka í kostnaðinum er þannig að rekstrinum er skipt í fernt en Kóp sér um rekstur starfsmanns.

Arnór mun fara yfir hvort hægt sé að bæta við stoppi við Sundlaug Kópavogs.

5. Önnur mál,

- a. Ferðastyrkir, vegna COVID eru mikil minnkun á ferðakostnaði íþróttafólks
- b. Þarf að skoða hvort við munum tapa fjármunum vegna þess að við úthlutum ekki.
- c. Þar er rætt hvort að það sé hægt að skoða hver saga þessa styrkja sé og hvort ekki sé verið að vinna eftir markmiðuð þeirra.

6. Fundartímar stjórnar ræddir eftir farandi ákveðið

- a. Mánaðarlega
- b. Þriðjudaga, 16:30 og síðan til skiptis í hádeginu.

7. Spurning frá Guðmundi – birting á fundargerðum SÍK setja á netið í framhaldi af samþykkt.

8. Sveitafélögin – Covid styrkur – hvernig er með styrkinn – 600 millj áætlaðar til sveitarfélaganna. Sendum þetta á íþróttafulltrúa.

Fundi lauk 13:10